

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Urðarhvarf 12. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. mars 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – athafnasvæði, fyrir lóðina nr. 12 við Urðarhvarf. Í breytingunni felst að byggingarreitur hækkar úr 5 hæðum og kjallara í 6 hæðir og kjallara og byggingarreitur bílageymslu breytist og færist til suðurs að lóðamörkum. Heildarbyggingarmagn eykst úr 3.800 m<sup>2</sup> í 8.500 m<sup>2</sup>, þar af um 1.500 m<sup>2</sup> í niðurgrafinni bílageymslu. Gert er ráð fyrir einu bílastæði á hverja 50 m<sup>2</sup> í atvinnuhúsnæði og einu stæði á hverja 100 m<sup>2</sup> í geymslum. Alls 130 bílastæði þar af um 50 bílastæði í niðurgrafinni bílageymslu. Stærð lóðar Urðarhvarfs 12 er skv. fasteignaskrá 4.664 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,9 í 1,83.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Smiðjuvegur 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 10. október 2023 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvegur 7. Í breytingunni felst að heimilt verður að nýta jarðhæð viðbyggingar á norðurhlið hússins og koma þar fyrir tveimur hurðum. Heildarbyggingarmagn eykst um 510 m<sup>2</sup>, úr 3.044 m<sup>2</sup> í 3.554 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,44 í 0,50.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Vatnsendi. Reitur F2. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 13. júní 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendi, fyrir reit F2. Í breytingunni felst að mörk skipulagssvæðis Vatnsenda, reits F2, breytast í samræmi við deiliskipulag Vatnsenda, svæðið milli vatns og vegar. Nánar tiltekið Vatnsendablettur 5, sem samþykkt var á fundi bæjarstjórnar 28. mars 2023.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 23. október 2023.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfudagur: 24. október 2023